



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Umsögn um tillögu fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um kynjalaust skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 10. mars 2022, var lögð fram tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um kynjalaust skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkurborgar, frá fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 8. febrúar 2022. Tillögunni var vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Tillaga Natalíu Lindar Hagalín frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið það verkefni að afnema kynjaskiptingu í grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem því verður við komið.

Greinargerð sem fylgdi tillögunni:

Meðvitund um málefni kynsegin einstaklinga í samfélaginu hefur farið vaxandi síðustu ár og meðfram henni hefur skapast umræða um þá útilokun sem kynjatvíhyggja hefur í för með sér. Þessi tvíhyggja birtist okkur á flestum stöðum í samfélagi okkar, líka í grunnskólum borgarinnar til að mynda með kynjaskiptum salernum, gjarnan í tímum á borð við íþróttir og jafnvel í hópaskiptingu í hefðbundinni faggreinakennslu. Þetta hefur í för með sér gífurlega neikvæð áhrif á líðan þeirra nemenda sem finna sig ekki innan þessarar tvíhyggju og getur haft í för með að þeir upplifi sig hvorki örugga né velkomna innan veggja skólans og úr því þarf að bæta.

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fagnar tillögunni og tekur undir sjónarmiðin sem í henni birtast. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 og mannréttindastefna Reykjavíkurborgar kveða á um jafnréttismenntun og fræðslu um hinsegin fólk og viðurkenna formlega stöðu kynsegin fólks. Um leið hefur umræða og sýnileiki kynsegin fólks í samfélaginu aukist eins og fram kemur í tillögunni og því brýnt að skólastarf sem og önnur starfsemi taki mið af því. Mikilvægt er að endurskoða kynjaskiptingu bæði í umhverfinu sem og í skipulögðu starfi og kennslu á skóla- og frístundasviði. Þarf þá að huga bæði að minnihlutahópum á borð við kynsegin börn og ungmenni (sem og önnur trans börn) og intersex börn og ungmenni, en um leið þarf að hafa í huga kynjaða menningu og áhrif hennar á allt skólastarf og nemendur.

Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hefur áhersla verið lögð á það að bæta stöðu trans barna og ungmenna, þ.m.t. kynsegin barna og ungmenna og hafa ýmis verkefni skrifstofunnar tekið mið af því. Má þar nefna:

- Starfshóp um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði borgarinnar, en markmiðið með skipun hans var að í öllu skóla- og frístundahúsnæði yrði boðið upp á



ókyngreind salerni og búningaðstöðu. Meðal verkefna hópsins var könnun sem athugaði kyngreind og ókyngreind rými í skóla- og frístundahúsnæði borgarinnar en út frá henni var lagður til forgangslisti framkvæmda. Einnig lagði mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð til í framhaldinu að stefna Reykjavíkurborgar verði að tryggja ókyngreind salerni og búningaðstöðu í byggingum skóla og frístundar sem og annars staðar í húsnæði borgarinnar sem opið er almenningi. Biður tillagan staðfestingar borgarráðs. Sjá nánar hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/bref_m_skyrslu_asamt_fylgiskjolum.pdf

- Starfshóp um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar sem leiddi af sér verkefnið Kennsluefni í kynja- og hinseginfræði fyrir grunn- og leikskóla. Starfshópurinn lagði fram tillögur sem á eftir að koma til framkvæmda, en þær miða að því að bæta stöðu kynja- og hinseginfræðslu á skóla- og frístundasviði sem um leið hafa þau áhrif að bæta stöðu hinsegin nemenda, þ.m.t. kynsegin nemenda. Sjá nánar hér: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/skyrsla_starfhops_kynja_hinseginfraedsla_2021.pdf
- Regnbogavottun Reykjavíkurborgar sem er fræðslupakki sem skólar og frístundamiðstöðvar geta sótt um en í gegnum hann eru fjölmargar hliðar hinseginleikans ávarpaðar og málefni trans barna og ungmenna gerð góð skil. Ávallt er sett skýrt spurningamerki við kynjaskiptingu og bent á vandkvæðin sem hún kann að skapa trans og intersex börnum (m.a.). Staða kynsegin barna og ungmenna er rædd sérstaklega og fær starfsfólk aukinn skilning á henni. Sjá nánar hér: <https://reykjavik.is/regnbogavottun-reykjavikurborgar>
- Hinsegin málefni á vef Reykjavíkurborgar sem mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur úti en hann inniheldur m.a. gátlista, stuðningsáætlun og fræðsluefni. Á þessum vefsíðum er margt efni sem snýr sérstaklega að trans börnum og ungmönnum. Meðal þess sem þar er að finna eru gátlistar fyrir skóla þar sem eru trans börn, stuðningsáætlun fyrir skóla þar sem eru trans börn, listar yfir hinsegin fræðsluefni og leiðbeiningar fyrir afmælishópa í skólum sem byggja ekki á kynjaskiptingu. Allt þetta efni hvetur skóla til þess að hörfa frá kynjaskiptingu og endurskoða kyngreind rými í sínu umhverfi. Kynjaskipting í skólastarfi er sérstaklega ávörpuð stuttlega á vefsíðu um trans börn og skóla. Sjá nánar hér <https://prod.reykjavik.is/trans-born-og-skolar> og hér <https://reykjavik.is/stjornsysla/stjornkerfi/skrifstofur-radhus/mannrettinda-og-lydraedisskrifstofa/hinsegin-malefni>

Tillagan sem hér liggur fyrir er í takti við sjónarmið sem komu fram á Barnaþingi fyrr á þessu ári þar sem barnaþingmenn lögðu áherslu á að starfsemi skóla taki mið af fjölbreytileika barna og að virðing sé borin fyrir kynhneigð, kyntjáningu og vali barna á persónufornöfnum í skólastarfi. Það er mikilvægt að bregðast við veruleika og kröfum yngri kynslóða og ljóst að þörf er á skýrari stefnu til að hverfa frá kynjaskiptingu sem virðist vera við lýði víðs vegar í skóla- og frístundastarfi. Í þeirri vegferð er mikilvægt að vera meðvituð um áhrif tvíhyggjukynjakerfisins og skoða hvernig best sé að hörfa frá kynjaskiptingu án þess þó að falla í gryfjur neikvæðra staðalmynda og kynhlutverka sem það kerfi kann að skapa. Um leið þarf að taka faglega og skynsamlega umræðu sem tekur mið af stöðu trans og intersex barna og ungmenna sem og hinsegin barna allra, með sérstaka áherslu á stöðu stálpa.

Virðingarfyllst,
Svandís Anna Sigurðardóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa